

Alþingi – allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2019

**Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun verklagsreglna um skilarétt neytenda, gjafabréf og inneignarnótur, 44. mál.**

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun verklagsreglna um skilarétt neytenda, gjafabréf og inneignarnótur, 44. mál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir endurskoðun verklagsreglna um skilarétt, gjafabréf og inneignarnótur. Neytendasamtökunum berast á hverju ári margar kvartanir vegna afar takmarkaðra gildistíma á gjafabréfum og inneignarnótum. Í mörgum tilvikum er gildistíminn mjög skammur og erfitt fyrir neytendur að nýta sér slík bréf. Rétt er að taka fram að Neytendasamtökin telja að gildistími gjafabréfa ætti að vera fjögur ár, enda sé gjafabréf eins og hver önnur krafa. Þá er lögbundinn tveggja vikna réttur til að falla frá samningi um kaup á vörum á netinu, að vissum skilyrðum uppfylltum, samkvæmt lögum nr. 16/2016 um neytendasamninga. Það skýtur því skökku við að takmarkaðri réttur sé til skila á vöru þegar hún er keypt í versluninni sjálfri.

Neytendasamtökin telja mikilvægt að þessi mál séu skoðuð nánar. Svo virðist sem afar takmarkaður fjöldi seljenda fylgi verklagsreglunum sem settar voru árið 2010, hvort sem það sé vegna skorts á vilja eða vanþekkingar fyrirtækja á að slíkar reglur séu til staðar. Rétt er að ítreka að um ólögbundnar verklagsreglur er um að ræða og því rétt að hópurinn muni einnig taka til skoðunar hvort ástæða sé til lagabreytinga hér á landi varðandi skilarétt, gjafabréf og inneignarnótur til að tryggja hag og réttindi neytenda í viðskiptum hér á landi.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því að hópurinn skili af sér tillögum fyrir 1. mars. 2019, en sú dagsetning er þegar liðin. Rétt væri að uppfæra dagsetninguna þannig að hópurinn skili af sér tillögum sínum þannig að þær væru komnar til framkvæmda áður en jólainnkaup hefjast í desembermánuði.

Að öðru leyti fagna Neytendasamtökin þessari þingsályktunartillögu og leggja til að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllt,



Breki Karlsson,  
formaður Neytendasamtakanna